

## Skýrsla

### utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál

Árleg skýrsla um utanríkis- og alþjóðamál sem utanríkisráðherra leggur fyrir Alþingi kemur að þessu sinni út í skugga alvarlegustu stríðsátaka í okkar heimshluta frá seinna stríði. Allsherjarinnrás Rússlands í Úkraínu 24. febrúar 2022 hefur valdið straumhvörfum í alþjóðapolitik og öryggisumhverfi Evrópu og litað nánast allt samstarf Íslands á alþjóðavettvangi. Augljós merki þess má sjá í þessari skýrslu, sem í annað sinn kemur út sem samantekt í hefðbundnu þingskjalsformi samhliða skýrsla um utanríkismál sem miðast við almanaksárið.

Í síðustu viku heimsótti ég Kænugarð ásamt forsætisráðherra. Þetta var í annað skipti frá því allsherjarinnrásin hófst sem ég heimsótti höfuðborg Úkraínu. Þar gafst okkur meðal annars tækifæri til þess að skoða vettvang grimmdarlegra glæpa innrásarhersins í Bucha og Borodianka ásamt því að eiga fundi með Volodymyr Selenski forseta Úkraínu og öðrum hátt settum embættismönnum í úkraínska stjórnkerfinu. Glæpir sem hafa verið framdir í nafni Rússlands eru þess eðlis að einungis algjört siðrof og afmennskun getur útskýrt þá. Brot á mannúðarlögum blasa við en heildarumfangið er ennþá langt frá því að vera ljóst. Eitt af því sem vekur sérstakan hrylling er markviss brottflutningur barna og ungmenna frá Úkraínu til Rússlands þar sem markmiðið virðist vera að afmá úkraínskan uppruna þeirra. Mikilvægt er að skrásetja þá glæpi og tjón sem innrásin hefur valdið svo mögulegt verði að sækja réttlæti fyrir úkraínsku þjóðina þegar stríðinu lýkur. Hefur Ísland lagt áherslu á að leggja sitt af mörkum til að skipuleggja og efla samstöðu um aðferðir til þess að stuðla að slíku réttlæti. Annars vegar hefur Ísland undirstrikað þátt Evrópuráðsins í regluverki utan um ábyrgðarskyldu Rússlands og hins vegar hefur Ísland gerst aðili að kjarnahópi um stofnun sérstaks dómstóls um glæpi gegn friði.

Þótt ekki sjái fyrir endann á innrásarstríðinu liggur ljóst fyrir að mótspyrna Úkraínumanna er miklu harðari en Rússar gerðu ráð fyrir. Svar Rússa við litlum framgangi á vígvellinum hefur verið að ráðast kerfisbundið á borgaralega innviði Úkraínu. Óbreyttir borgarar, þar á meðal börn og gamalmenni, eru í skotsigti rússnesku vígvélarinnar. Skólar, sjúkrahús og íbúðarhús fjarri víglínunni verða fyrir flugskeytum og drónaárásum. Raforkukerfi Úkraínu er verulega laskað og milljónir fjölskyldna eru án rafmagns svo dögum skiptir.

Yfirgangur Rússa hefur enn einu sinni staðfest að tilvera þjóða byggist á virðingu fyrir alþjóðalögum, landamærum og landhelgi. Þetta á ekki síst við um fámenna og herlausu þjóð sem byggir á traustu öryggis- og varnarsamstarfi við bandamenn. Því styður Ísland hið alþjóðlega regluverk þjóða heims sem umfram allt á að hindra að aflsmunur ráði í samskiptum þjóða.

Náíð og títt samráð Atlantshafsbandalagsríkja og annarra vestrænna lýðræðisríkja hefur reynst lykkillinn að góðri samstöðu og eindregnum stuðningi við úkraínsku þjóðina. Rússlandi hefur verið mætt með fordæmalausum þvingunaraðgerðum, einangrun á alþjóðavettvangi og

samstöðu um að styðja varnarbaráttu Úkraínu. Á sama tíma hefur Atlantshafsbandalagið brugðist við með því að auka varnarviðbúnað, ekki síst í Austur-Evrópu, með fjölgun og tilfærslu á liðsafla og aukinni viðveru. Allar þessar aðgerðir miða að því að efla árvekni, gæslu og eftirlit með landsvæði, loftrými og hafsvæði bandalagsríkja. Aðgerðirnar fela einnig í sér skýr fælingarskilaboð gagnvart rússneskum stjórnvöldum.

Ísland hefur frá fyrsta degi stríðsins verið samstíga bandalags- og samstarfsríkjum í stuðningi við Úkraínu og tekur þátt í viðtækum þvingunaraðgerðum gegn Rússlandi. Ísland hefur einnig fylgt þeirri stefnu að takmarka mjög samskipti við Rússland. Stuðningur íslenskra stjórnvalda við Úkraínu felst einnig í mannúðaraðstoð, efnahagslegum stuðningi og framlögum til varnarmála. Samtals nam fjárhagslegur stuðningur Íslands við Úkraínu hátt í 2,2 milljörðum króna á árinu 2022. Var fjármuninum að mestu ráðstafað í gegnum stofnanir Sameinuðu þjóðanna, sjóði Alþjóðabankans og Atlantshafsbandalagsins og aðra fjölþjóðlega sjóði. Þá skipulagði Ísland flutning á hergögnum frá bandalagsríkjum til Úkraínu. Ísland hafði einnig forgöngu um skipulagningu þjálfunar fyrir Úkraínu í sprengjuleit og -eyðingu, sem er samstarfsverkefni Norðurlandanna og Litáen. Þjálfunin mun hefjast á fyrri hluta ársins 2023. Þá hafa stjórnvöld, fyrirtæki og almenningur á Íslandi stutt Úkraínu með sendingu matvæla, rafbúnaðar, stoðtækja og vetrarbúnaðar, meðal annars í gegnum átakið „Sendum hlýju“. Það er ástæða til að þakka íslensku samfélagi fyrir þennan stuðning sem hitti marga í Úkraínu beint í hjartastað.

## **Mannréttindi og lýðræðisleg gildi**

Innrásin hefur reynst nóturleg áminning um að alþjóðalög, mannréttindi og lýðræðisleg gildi séu ekki sjálfgefin heldur þurfi að slá um þau skjaldborg eigi þau að tryggja smáþjóðum tilverurétt, viðunandi öryggi og velsæld. Ríflega 140 af 193 aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna hafa fylkt sér að baki stofnsáttmálanum í atkvæðagreiðslum sem tengdust innrásinni.

Samt má segja að hrikti í stoðum alþjóðakerfisins sem þegar var laskað eftir heimsfaraldur, langvarandi mannúðarkrísur, vaxandi tómlæti og viðvarandi pólitískan undirróður gegn því. Þá hefur spennan á milli stórvelda aukist og ljóst að áhrifa hennar mun áfram gæta í fjölþjóðasamstarfi. Þar kristallast ólík sýn á alþjóðalög og reglur í alþjóðaviðskiptum, ekki síst grundvallarmannréttindi og frelsi. Virðing fyrir þeim er á undanhaldi, þvert á skuldbindingar ríkja heims. Ísland skipar sér í hóp þjóða sem standa vörð um þessi gildi og lætur að sér kveða á vettvangi alþjóðastofnana í þágu þeirra.

Í nóvember tók Ísland við formennsku í Evrópuráðinu en sú ábyrgð að sinna formennskunni fellur á aðildarríkin til skiptis. Staða grundvallargilda Evrópuráðsins, mannréttinda, lýðræðis og réttarríkisins, eru meginstoðir formennskuáætlunar Íslands. Að auki er stefnu íslensku ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, málefnum barna og umhverfismálum gert hátt undir höfði.

Vegna umskiptanna í pólitísku landslagi álfunnar í kjölfar innrásarstríðs Rússlands í Úkraínu ákváðu aðildarríki ráðsins að haldinn yrði leiðtogafundur á Íslandi nú í maí. Verður það fjórði leiðtogafundur ráðsins frá stofnun Evrópuráðsins í rúmlega sjötíu ára sögu þess. Verkefnið er umfangsmikið en vonir standa til að fundurinn verði ríkjunum tilefni til að treysta stoðir ráðsins og gildi þess til framtíðar og staðfesta enn á ný stuðning ríkjanna við Úkraínu. Ísland tekur þá ábyrgð sína alvarlega að vera vettvangur leiðtogafundarins. Tilviljun ræður því að formennsku Íslands ber upp á örlogaríkum tímum en sem fullvalda og fullgildur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi axlar Ísland þessa ábyrgð af þeim metnaði sem verkefnið krefst.

Ísland tekur einnig virkan þátt í störfum mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna og er í forystu fyrir árlegri ályktun um ástand mannréttinda í Íran á þeim vettvangi til að tryggja

áframhaldandi umboð sérstaks skýrslugjafa um málefni Írans. Í lok nóvember höfðu Ísland og Þýskaland frumkvæði að sérstökum fundi mannréttindaráðsins sem samþykkti ályktun um stofnun óháðrar rannsóknarnefndar svo hægt verði að draga þá til ábyrgðar sem ofsótt hafa friðsama mótmælendur í Íran. Því miður hefur víða fjarað undan mannréttindum kvenna en þó hvergi eins mikið og í Afganistan þar sem þær hafa verið sviptar nær öllum réttindum, meðal annars til menntunar og atvinnuþátttöku.

Ísland er í framboði til mannréttindaráðsins fyrir tímabilið 2025-2027. Það framboð er stutt af öllum ríkjum Norðurlanda.

Ísland gegnir formennsku í norrænu samstarfi árið 2023 og fór undirbúningur fram á síðasta ári. Náð formlegt og óformlegt samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja í utanríkismálum hefur mikla þýðingu við mótnun utanríkisstefnunnar enda fylkja ríkin sér um þau gildi sem að framan eru talin. Með sögulegri aðildarumsókn Svíþjóðar og Finnlands að Atlantshafsbandalaginu er viðbúið að raðirnar þéttist enn.

### Ábyrgð Íslands í fjölþjóðlegri samvinnu

Fylgjendur fjölþjóðlegrar samvinnu, Norðurlöndin þar á meðal, verða að treysta samskipti við ríki sem finnast þau ekki fá hljómgrunn innan alþjóðastofnana og beri sífellt skarðan hlut frá borði. Hlúa verður að alþjóðakerfinu og vinna með öllum ríkjum heims að því að mæta aðkallandi áskorunum á sviði loftslags-, auðlinda og umhverfismála. Framgangi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og Parísarsamkomulagsins hefur ekki miðað sem skyldi. Því er nauðsynlegt að styðja áfram við framþróun í fátækari ríkjum og bregðast við vaxandi neyð sem að miklu leyti má rekja til náttúrhamfara eða hamfara af mannavöldum, til dæmis átaka víða um heim, en einnig vegna áhrifa heimsfaraldursins.

Ísland hefur á undanförunum árum aukið framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Þau námu á síðasta ári 0,35 prósent af vergum þjóðartekjum. Þrátt fyrir skarpa hækkun þjóðarframleiðslu eftir að heimsfaraldrinum lauk og hallarekstur ríkissjóðs var ákveðið að viðhalda því hlutfalli árið 2023 og framlag til Úkraínu kæmi til viðbótar þeim fjármunum. Markmið Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu er að draga úr fátækt og hungri og stuðla að almennri velferð á grundvelli mannréttinda, kynjajafnréttis og sjálfbærrar þróunar. Meginstoðir þróunarsamvinnu okkar eru stuðningur við tvíhliða samstarfsríki og samstarf við alþjóðastofnanir ásamt öflugri samvinnu við félagasamtök og atvinnulíf með ríka áherslu á árangur, skilvirkni og vönduð og fagleg vinnubrögð. Vinna er hafin við mótnun stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2024-2028 sem tekur við af núgildandi stefnu. Á þessu ári er svo ráðgert að opna þriðju sendiskrifstofu Íslands í Afríku til að styðja við tvíhliða samvinnu við Síerra Leóne. Fyrir á Ísland í tvíhliða samstarfi við Malaví og Úganda.

Auðlinda- og umhverfismál hafa lengi verið áherslumál í utanríkisstefnu og þróunarsamvinnu Íslands og í loftslagsmálin fá sífellt stærri sess. Skömmu fyrir útgáfu þessarar skýrslu náðust sögulegir samningar um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni utan lögsögu ríkja. Ísland lagði sitt af mörkum til að samkomulag næðist en ekki þarf að fjölýrða um hve mikið hagsmunamál heilbrigði hafsins er fyrir velsæld lands og þjóðar.

Afleiðingar innrásar Rússlands í Úkraínu hafa beint sjónum að tengslum orkumála annars vegar og öryggismála í alþjóðlegu samhengi hins vegar og sýnt fram á mikilvægi þess að samfélög séu ekki háð orkugjöfum frá ótraustum ríkjum. Í ljósi orkukrisunnar hafa vaknað áhyggjur af því aðmörpum ríkjum muni reynast erfitt að uppfylla loftslagsskuldbindingar sínar, sérstaklega til skemmri tíma litíð. Á sama tíma er ljóst að orkukrísan kallar á hraðari orkuskipti en í því felast ýmis tækifæri til að hagnýta íslenska þekkingu og reynslu.

Á norðurslóðum þar sem eining hefur ríkt um framtíð Norðurskautsráðsins eru horfurnar slæmar því framferði rússneskra stjórnvalda hefur sett allt svæðisbundið samstarf úr skorðum. Stjórnvöld þurfa að halda vöku sinni og gæta veigamikilla hagsmuna á öllum sviðum sem varða þetta mikilvæga svæði.

### Varnir á viðsjárverðum tímum

Í samræmi við varnarmálalög og forsetaúrskurð um skiptingu málefna milli ráðuneyta fer utanríkisráðherra með yfirstjórn varnarmála og mótun og framkvæmd öryggis- og varnarstefnu Íslands á alþjóðavettvangi. Aðildin að Atlantshafsbandalaginu, þar sem Ísland var í hópi tólf stofnríkja árið 1949, og varnarsamningurinn við Bandaríkin frá árinu 1951 eru meginstoðir öryggis okkar og varna. Ísland tryggir þannig ytra öryggi sitt og varnir með virku alþjóðlegu samstarfi, bæði marghliða og tvíhliða.

Framlög til verkefna á sviði öryggis- og varnarmála sem falla undir utanríkisráðuneytið hafa hækkað á undanförunum árum og voru 3,8 ma. kr. á árinu 2022, að meðtöldum 650 m.kr. vegna stuðnings við Úkraínu vegna stríðsátaka og hergagnaflutnings til Úkraínu.

Bandalagsríki Atlantshafsbandalagsins og önnur ríki Evrópu standa frammi fyrir fordæmalausum áskorunum í öryggis- og varnarmálum. Leiðarstefin sem starfað er eftir í varnar- og öryggismálum eru sett fram í þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland: Að tryggja sjálfstæði, fullveldi og friðhelgi landamæra Íslands, öryggi borgaranna og vernd stjórnkerfis og grunnvirkja samfélagsins. Nýsamþykkt þjóðaröryggisstefna tekur til nýrra ógna og áskorana sem að okkur geta stöðjað, til dæmis netógna og upplýsingaóreiðu. Stefnan þróast þannig í takt við síbreytilegt öryggisumhverfi.

Ný grunnstefna Atlantshafsbandalagsins var samþykkt á leiðtogafundi bandalagsins í Madrid í júní. Hún hafði verið í undirbúningi um langt skeið en innrás Rússlands í Úkraínu og breyttar öryggishorfur í Evrópu setja eins og við er að búast mark sitt á hana. Stefnan undirstrikar samheldni og samstöðu bandalagsríkjanna sem byggist á tengslunum yfir Atlantshafið og lýðræðislegum gildum. Grundvallarmarkmið Atlantshafsbandalagsins er að tryggja sameiginlegar varnir. Í stefnunni er lögð áhersla á að styrkja þurfi verulega fælingu, varnir og viðbragðsgetu bandalagsins sem er hryggjastykki þeirrar skuldbindingar sem felst í fimmtu grein stofnsáttmála þess. Áhersla er jafnframt lögð á styrkingu viðnámsþols til að tryggja öryggi samfélaga bandalagsríkja. Þá er undirstrikað mikilvægi þverlægra áherslumála; tæknilegrar nýsköpunar, loftslagsbreytinga og öryggi borgara, sem og framkvæmdar á stefnu bandalagsins um konur, frið og öryggi.

Í kjölfar innrásar Rússlands í Úkraínu sóttu bæði Finnland og Svíþjóð um aðild að Atlantshafsbandalaginu 18. maí, nokkuð sem þótt hefði nær óhugsandi fáeinum mánuðum fyrr. Það sýnir glöggð þær breytingar sem hafa orðið á öryggisumhverfi álfunnar.

Framlag Íslands til sameiginlegra varna Atlantshafsbandalagsins felst fyrst og fremst í þátttöku í samþættu loftrýmiseftirliti Atlantshafsbandalagsins, loftrýmisgæslu og æfingum bandalagsins og bandalagsríkja. Ísland veitir liðsafla vina- og bandalagsþjóða aðstöðu og gistiríkisstuðning og tryggir öruggan rekstur og getu varnarmannvirkja, eftirlits- og samskiptakerfa og búnaðar. Markvisst hefur verið unnið að því að efla þátttöku Íslands í herstjórnnum bandalagsins til að auka upplýsingamiðlun um aðgerðir þeirra og þróun mála í nágrenni Íslands.

Samvinna við Bandaríkin um varnir og öryggi á grundvelli varnarsamnings ríkjanna fer líka vaxandi. Ein birtingarmynd þess er tímabundin viðvera kaþbátaeftirlitsflugvéla á Íslandi og sameiginlegar varnaræfingar. Á vordögum fór varnaræfingin Norður-Víkingur fram á Íslandi

sem náði hápunkti með landgöngu í Hvalfirði. Gera má ráð fyrir að samstarf við Bandaríkin og framlag Íslands til nauðsynlegra varna og viðbúnaðar Atlantshafsbandalagsins muni aukast á komandi misserum.

Loks hefur Ísland gert sig í auknum mæli gildandi í svæðisbundnu samstarfi á sviði öryggis- og varnarmála. Samstarf Norðurlanda heldur áfram að styrkjast á vettvangi NORDEFCO, ekki síst í ljósi þess að ef að líkum lætur verða þau öll innan skamms aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Þróttmikið samstarf á sér stað innan Sameiginlegu viðbragðsveitarinnar (JEF) sem Ísland gerðist aðili að árið 2021. Þá tók Ísland að sér formennsku í Norðurhópnum svonefnda fyrri hluta árs 2022 en hann er samstarfsvettvangur líkt þenkjandi Norður-Evrópuríkja um öryggis- og varnarmál. Funduðu varnarmálaráðherrar hópsins í Reykjavík í júní.

### **Hagsældin byggist á frjálsum viðskiptum**

Alþjóðlegt viðskiptaumhverfi og viðhorf til þess hefur tekið talsverðum breytingum að undanfögnu. Innrás Rússlands í Úkraínu, þvingunaraðgerðir og aðgerðir í tengslum við COVID-19 faraldurinn hafa haft mikil áhrif á efnahag ríkja um allan heim.

Ljóst er að reynsla undanfarinna ára hefur gefið tilefni til að endurmeta þá hugmynd að samtvinnuðir viðskiptahagsmunir ríkja dugi til þess að tryggja friðsæld og framfarir. Viðskipti við ríki sem lúta einræðisvaldi og þar sem virðing er ekki borin fyrir réttarríkinu og lýðræði fela í sér áhættu sem fyrirtæki og þjóðir taka í auknum mæli tillit til við mótun stefnu. Öryggissjónarmið hafa fengið aukið vægi í viðskiptastefnu ríkja og samkeppni þeirra í milli um sjaldgæfa málma og græna tækniþróun hefur sömuleiðis sett svip sinn á alþjóðaviðskiptaumhverfið. Sem lítið og opið hagkerfi er Ísland háð því að alþjóðlegt viðskiptaumhverfi hvíli á fyrirsjáanlegum og skýrum leikreglum, hvort sem er á grundvelli Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO), fríverslunarsamninga eða annarra viðskiptasamninga. Loftferðasamningar gera millilandaflug íslenskra flugfélaga mögulegt, tvísköttunarsamningar auðvelda einstaklingum og fyrirtækjum að starfa í fleiri en einu ríki og vernd fjárfestinga er grundvöllur erlendra fjárfestinga á Íslandi og fyrir samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja á erlendri grundu.

Alþjóðleg fjárfesting sem tengist nýsköpun og sprotastarfsemi hefur aukist mikið á undanfögnu árum. Sú gleðilega og óvenjulega staða er nú uppi að Ísland er líklega eitt af þeim ríkjum þar sem frumkvöðlar í nýsköpunarfyrirtækjum eiga einna bestan aðgang að vísifjármagni. Samkeppnishæf nýsköpun á sér ætíð stað þvert yfir hefðbundin landamæri og þarf utanríkisstefna Íslands og áherslur í vaxandi mæli að taka mið af þörfum nýsköpunar og alþjóðlegrar frumkvöðlastarfsemi.

Á árinu 2022 voru þrjátíu ár liðin frá því að EES-samningurinn var undirritaður. Íslenskt þjóðfélag hefur á þessum tíma tekið algerum stakkaskiptum og ávinningurinn af aðild að samningnum er ótvíræður. Skammt er síðan skýrsla utanríkisráðherra um framkvæmd EES-samningsins var lögð fram á Alþingi og vísast því til hennar hvað þennan málaflökk varðar. Rétt er þó að minna á að það er ekki síst á umbrotatímum eins og þeim sem við nú lifum sem samningurinn hefur sannað gildi sitt. Á það bæði við um heimsfaraldurinn, þar sem samstarfið tryggði Íslandi snemma aðgengi að bóluþefnum, og stríðið í Úkraínu, þar sem Ísland tekur þátt í samræmdum aðgerðum. Enda þótt íslensk stjórnvöld beiti sér ávallt fyrir frjálsum milliríkja viðskiptum á samkeppnisgrundvelli blása nú vindar í alþjóðamálum sem ekki er unnt að líta framhjá. Vísbendingar eru um aukinnar tilhneigingar til dildkadráttar muni gæta þegar kemur að hagvörnum og aðgengi að nauðsynlegu hráefni og aðföngum.

Aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) hefur átt mikilvægan þátt í að tryggja hagsæld hér á landi. Ísland var í formennsku í EFTA-samstarfinu á fyrri hluta ársins 2022. Formennskutímabilinu lauk með vel heppnuðum ráðherrafundi í Borgarnesi. Innrásarstríð Rússlands í Úkraínu hafði áhrif á EFTA-ríkin sem slitu samningaviðræðum við Rússland, Belarús og Kasakstan, sem verið höfðu í biðstöðu frá 2014. Ísland felldi einhliða niður tolla á allar innflutningsvörur frá Úkraínu og undirbúningur var hafinn við allsherjaruppfærslu fríverslunarsamnings EFTA og Úkraínu. Innleiðing þvingunaraðgerða í kjölfar innrásarinnar hafði minni áhrif á viðskipti við Rússland en ella vegna samdráttar á undanförunum árum sem skýrist af þvingunaraðgerðum og mjög íþyngjandi gagnaðgerðum Rússa í kjölfar innlimunar Krímskaga.

### **Nýjar og sögulegar áskoranir**

Staða alþjóðamála, einkum innrásarstríð Rússlands í Úkraínu, mannréttindi og alþjóðalög, hafa alls staðar verið í brennidepli á árinu og öryggis- og varnarsamstarf eflst. Tvíhliða samskipti við erlend ríki eru sem fyrr mikilvægur þáttur í hagsmunagæslu Íslands og menningarsamstarfi. Í lok síðasta árs var opnað sendiráð í Póllandi og sendiskrifstofa Íslands í Vín gegnir nú aftur hlutverki sendiráðs í stað fastanefndar eingöngu og er þar um að ræða formbreytingu.

Áfram er leitast við að tryggja íslenskum fyrirtækjum sem besta samkeppnisstöðu og liðka fyrir beinum samskiptum milli fólks, fyrirtækja og stofnana. Þegar alþjóðasamfélagið glímir við nýjar og sögulegar áskoranir er mikilvægt að efla samskipti þjóða og hvetja til gagnkvæms skilnings á ólíkum menningarheimum. Borgarþjónustan er veigamikill þáttur starfseminnar sem liðsinnir Íslendingum sem kjósa að búa eða ferðast erlendis.

Svo virðist sem tímar óvissu og umbrota í alþjóðamálum séu gengnir í garð. Á slíkum tímum skiptir miklu að vandlega sé hugað að stöðu Íslands í heiminum. Frelsi Íslands og fullveldi raungerist einkum í þeirri staðreynd að við eigum stað meðal annarra þjóða í heiminum. Því fylgja skyldur, ekki síður en réttindi. Það á því að vera viðvarandi metnaðarmál að staðið sé vel og fagmannlega að allri framgöngu Íslands á alþjóðlegum vettvangi, og gæta vel að hagsmunum Íslands og orðspori um heim allan. Með því að Ísland sé ávallt verðugt og áreiðanlegt samstarfsríki er hagsmunum okkar best borgið.

### **Fylgiskjal I.**

#### **Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál 2022.**

[https://www.althingi.is/altext/pdf/153/fylgiskjol/s1323-f\\_I.pdf](https://www.althingi.is/altext/pdf/153/fylgiskjol/s1323-f_I.pdf)